

**Nd.**

**116. Nefndarálit**

[33. mál]

um frv. til l. um málefni Flugleiða hf.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum. Lagt var fram meðfylgjandi bréf Flugleiða hf., dags. 11. nóv. 1980. Stjórnarformaður Flugleiða hf. kom á fund nefndarinnar og skýrði sjónarmið félagsins varðandi skilyrði er fram komu í nefndaráliti Ed. Einnig veitti hann ýmsar upplýsingar og svaraði fyrirspurnum.

Þá komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Starfsmannafélagi Arnarflugs hf.

Samgönguráðherra kom á fund nefndarinnar og veitti ýmsar upplýsingar.

Varðandi fyrrnefnd skilyrði vilja undirritaðir nefndarmenn taka fram eftirfarandi.

**Um 1.** Stjórn félagsins er samþykk því að auka hlutdeild ríkissjóðs í 20%. Matthías Á. Mathiesen og Matthías Bjarnason eru andvígir því, að ríkissjóður auki hlutafjäreign sína í félaginu. Albert Guðmundsson er samþykkur því að auka hlutdeild ríkissjóðs í félaginu í 20%, sem tryggingu fyrir áhrifum og eftirliti með rekstri Flugleiða hf., á meðan umrædd fyrirgreiðsla stendur yfir, en telur að ríkissjóði beri skylda til að selja hlutabréfin þegar fjárhagsstaðan batnar og ríkisábyrgðin fellur brott.

Um 2. Stjórn félagsins hefur hrundið í framkvæmd útboði hlutafjár að fjárhæð 234 974 000 kr. til starfsmanna félagsins og telur þess vegna að skilyrðið sé uppfyllt.

Undirritaðir nefndarmenn telja mikilvægt að efla samstöðu og áhrif starfsfólks í stjórn félagsins. Í 47. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, segir: „Í samþykktum er heimilt að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn.“ Við teljum rétt að starfsfólk fái tækifæri til að tilnefna fulltrúa á þessum grundvelli og samþykktum félagsins verði breytt í þessu skyni.

Félag allra starfsmanna tilnefni fulltrúa að undangenginni kosningu.

Um 3. Stjórn félagsins telur að annmörkum sé háð að halda aðalfund í febrúar vegna ársuppgjörs. Samkv. 2. mgr. 47. gr. laga um hlutafélög skal hluthafafundur kjósa stjórn hlutafélags. Samkv. því er ekkert til fyrirstöðu að hluthafafundur verði haldinn í febrúar.

Um 4. Nefndarmenn eru sammála um að starfsmannafélagi Arnarflugs sé gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða hf. í Arnarflugi hf.

Matthías Á. Mathiesen tekur fram að óeðlilegt sé að gera þær kröfur til fyrirtækis, sem leitar aðstoðar ríkisins, að það selji eignir sínar nema til þess að bæta fjárhagsstöðu eða koma fram stefnumótun löggjafans. Að því tilskildu er eðlilegt að starfsmönnum viðkomandi fyrirtækis sé gefinn kostur á að kaupa hlutabréfin.

Um 5. Stjórn félagsins er sammála þessu atriði.

Um 6. Undirritaðir nefndarmenn hafa ekkert við það að athuga, að nefndar viðræður fari fram, en vilja hins vegar benda á að hér er um að ræða réttarskerðingu einstakra aðila, en um það segir m. a. í 77. gr. hlutafélagalaga:

„Samþykki allra hluthafa þarf til þess, að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á félagssamþykktum verði gildar: . . . . 3. Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eftir ákvæðum 19. og 20. gr. eða skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða.“

Um 7. Stjórn félagsins er sammála þessu atriði.

Með tilliti til framanritaðs, leggjum við til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 17. nóv. 1980.

Halldór Ásgrímsson,  
form., frsm.

Ingólfur Guðnason,  
fundaskr.

Guðmundur J. Guðmundsson.

Matthías Á. Mathiesen.

Matthías Bjarnason.

Albert Guðmundsson

#### Fylgiskjal.

#### FLUGLEIÐIR

11. nóvember 1980.

Hr. samgönguráðherra  
Steingrímur Hermannsson  
Samgönguráðuneytið  
101 Reykjavík.  
Arnarhvoli.

Stjórn félagsins hefur borist bréf ráðuneytisins, dags. 7. þ. m., um þau sérstöku skilyrði, sem sameiginlegur fundur ráðherranefndar og fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis samþykkti að setja fyrir umbeðinni ríkisábyrgð til handa Flugleiðum hf. að upphæð 12 millj. Bandaríkjadala, sbr. 3. og 5. gr. frumvarps til laga um málefni Flugleiða hf.

Á fundi stjórnar félagsins í dag voru skilyrði þessi til umræðu og eftirfarandi samþykkt gerð:

1. Stjórn félagsins samþykkir fyrir sitt leyti að hlutast til um það, að hlutafjár-eign ríkissjóðs í Flugleiðum hf. verði augin í 20% alls hlutafjár félagsins og að sú hlutafjárukning verði komin til framkvæmda fyrir næsta aðalfund félagsins.
2. Skilyrði í 2. tl. bréfs ráðuneytisins er þegar uppfyllt með því, að fyrir nokkru var hrundið í framkvæmd útbóði hlutafjár að fjárhæð kr. 243 974 000 til starfsmanna félagsins, sem þeim gefst kostur á að kaupa á nafnverði.
3. Um skilyrði tilgreind í 3. tl. bréfs ráðuneytisins skal bent á eftirfarandi:  
Samkvæmt 67. gr. laga nr. 32 frá 12. maí 1978, um hlutafélög, skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðanda á árlegum aðalfundi hlutafélags, og samkvæmt 10. gr. samþykktu Flugleiða hf. skal leggja ársreikninginn fram á aðalfundi og stjórnin skýra frá hag félagsins á liðnu ári áður en gengið er til stjórnarkosninga.

Í öðru lagi skal á það bent, að samkvæmt 18. gr. samþykktu félagsins skipa 9 menn aðalstjórn þess og 3 menn varastjórn. Á aðalfundi 1981 skal kjósa 5 menn í aðalstjórn, en kjörtímabil þeirra 5 manna, sem úr stjórn félagsins ganga þá, lýkur fyrst við lok aðalfundar það ár. Kjörtímabil þeirra 4 manna, sem kosnir voru í stjórn félagsins á aðalfundi 1980, er til loka aðalfundar 1982.

Af tæknilegum ástæðum er fyrst hægt að reikna með því, að ársreikningur félagsins geti legið fyrir í apríl 1981, og er því fyrirsjáanlega ekki raunhæft að boða til aðalfundar fyrir en í apríl á næsta ári.

Með vísan til framanritaðs samþykkir stjórn félagsins að hraða nauðsynlegum undirbúningi aðalfundar 1981 og boða til hans svo fljótt sem mögulegt er.

Stjórn félagsins tekur þó fram, að ef það er ófrávikjanleg krafa ríkisstjórnarinnar, að til aðalfundar félagsins verði boðað og hann haldinn fyrir lok febrúar 1981 og þeir stjórnarmenn, sem kjósa skal á þeim fundi, verði kosnir þá þegar, er stjórnin reiðubúin til þess að boða til aðalfundarins með dagskrá þar að lútandi, sem þá yrði tekin ákvörðun um á fundinum.

4. Stjórn félagsins hefur verið kynnt sú ákvörðun ráðuneytisins að móta nýja stefnu í flugmálum. Þar til stjórn félagsins er kunnugt hver sú stefna verður telur stjórnin ótímabært að taka ákvörðun um sölu þeirra eigna félagsins, sem beinlínis tengjast hagsmunum þess á sviði flugmála.

Sé þess krafist samþykkir stjórn félagsins þó fyrir sitt leyti að hlutast til um að hafnar verði viðræður fulltrúa félagsins við fulltrúa Starfsmannafélags Arnarflugs um sölu hlutabréfa Flugleiða hf. í Arnarflugi hf.

Óski starfsmannafélagið eftir kaupum verði hlutabréf þessi og hagsmunir Flugleiða hf. af eignarhaldi á þeim metin til fjár af hlutlausum kunnáttumönnum og fari viðræður við starfsmannafélagið um kaupin fram á þeim grundvelli eða öðrum þeim grundvelli, sem samkomulag næðist um.

Samhliða þessum viðræðum við starfsmannafélagið fari fram viðræður milli Flugleiða hf. og Arnarflugs hf. um önnur atriði, sem þessu máli tengjast, t. d. innlausn Arnarflugs hf. á varahlutum þeim, sem Flugleiðir hf. hafa keypt fyrir fleiri hundruð milljónir króna vegna viðhalds flugvéla Arnarflugs hf. eingöngu, en samningar félaganna í þeim efnum voru gerðir í skjóli meirihluta-eignar Flugleiða hf. í Arnarflugi hf.

Að endingu skal á það bent, að samningar þeir, sem kunna að nást um framan-greind málefni, eru þess eðlis, að stjórn félagsins telur rétt að leggja þá fyrir hluthafafund til endanlegrar ákvörðunar.

5. Stjórn félagsins samþykkir að gefa ríkisstjórninni ársfjórðungslega yfirlit yfir þróun og horfur í rekstri fyrirtækisins.

6. Um skilyrði tilgreint í 6. tl. bréfs ráðuneytisins skal bent á eftirfarandi:  
Ákvæði stafliðar e í 17. gr. samþykktu félagsins og 3. mgr. 77. gr. laga nr. 32 frá 1978, um hlutafélög, útiloka skerðingu atkvæðisréttar hluthafa, jafnt einstaklinga sem fyrirtækja, í Flugleiðum hf. nema með samþykki allra hluthafa eða a. m. k. þeir hluthafar, sem fyrir slíkri réttarskerðingu verða, gjaldi henni jákvæði. Af þessum ástæðum getur stjórn félagsins ekki samþykkt neins konar nýjar reglur um hlutafjáreign hluthafa, sem takmarka atkvæðisrétt þeirra.  
Stjórn félagsins samþykkir aftur á móti að taka þátt í viðræðum við ríkisstjórnina um þetta efni.
7. Stjórn félagsins hefur þegar samþykkt, að svokallað Norður-Atlantshafsflug félagsins verði fjárhagslega og reikningslega greint frá öðrum rekstri félagsins svo sem kostur er.
- Með framangreindum samþykktum telur stjórn Flugleiða hf. að hún hafi uppfyllt þau skilyrði, sem frá er greint í bréfi yðar, að því marki sem hún hefur heimild til. Stjórnin lýsir sig að sjálfsögðu reiðubúna til þess að gera frekari grein fyrir afstöðu sinni, ef ástæða þætti til.

Virðingarfyllst,  
f. h. stjórnar FLUGLEIÐA HF.  
Örn Ó. Johnson, formaður.